

Stepnarmóður

Fréttabréf II

Hótel Vík 16. jan. '82

Agætu systur:

Það er skammt stórra högga í milli hjá kvennaframboðinu. Eins og flestum mun kunnugt var haldin ráðstefna laugardaginn 9. jan, þar sem rætt var um grundvöll framboðsins. Þegar hópar höfðu skilað áliði varð ljóst að stefnan var hrein og klár og mikil eining ríkjandi. Þar var kosin samræmingarnefnd sem skilaði af sér á fundi sl. fimmtudag, þar sem grundvöllur sá sem bið fáið með þessu bréfi var samþykktur.

Næsta skref er að móta stefnu í borgarmálunum og eru flestir hópar nú komnir af stað, enda er hugmyndin að þeir leggi fram drög að hugmyndum fimmtudaginn 21. jan. Allt verður að ganga með kraftaverkahraða, enda ætlunin að drög að stefnuskrá liggi fyrir hinn 30. jan., en þann dag verður haldinn opinber stofnfundur samtaka um kvennaframboð, væntanlega á Borginni. Það er mikið verk að vinna og það vantar fleiri vinnufúsar hendur - konur með viskuþorða (og karla) sem hafa hugmyndir um það hvað hægt er að gera í borgarmálunum, eitthvað nýtt og ferskt sem gengur út frá mannlegum sjónarmiðum - öðrum og kvenlegri sjónarmiðum en nú ríkja. Sem sagt: fundur í hótelinu á fimmtudag um borgarmálin og stofnfundinn (framkvæmdaneftir var uppálagt að kynna hugmynd sína um samtökin).og fundur-30. jan. Ef þið viljið komast í hópa getið bið hringt í 21500 (sími kvennaframboðsins- hótel Vík).

Það vantar ýmislegt hér í húsið til að gera það heimilislegra, svo sem kaffikrúsir (niður með plastið!), blóm, viskastykki, handklæði, barnaleikföng, húsgögn, herðatré og fl. Látið sjá ykkur, nú er að færast fjör í leikinn og slagurinn að hefjast fyrir alvöru. Við erum í fjárbreiðing, stuðningsframlög yrðu vel begin.

Framkvæmdaneftir.

Það er opið í Hótel Vík frá kl. 3-7